

---

## ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2015-2016

---

# ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2015-2016

lögð fram á 38. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta  
fimmtudaginn 17. mars 2016

**Fundarsal Verkís hf, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík**

## Efnisyfirlit

1.	Félagið og verkaskipting.....	3
2.	Stjórnarfundir FÍLA.....	6
3.	Félagsfundir FÍLA.....	6
4.	Norrænir fundir.....	6
5.	IFLA World Congress 2015 – Moskva í Rússland.....	7
6.	IFLA Europe GA 2015 – Lissabon.....	7
7.	Fulltrúaráð FÍLA.....	7
8.	Félagsmenn og nýliðun.....	7
9.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál.....	8
10.	Kynningarmál.....	8
11.	Samskiptamál.....	8
12.	Hönnunarmál og verðlaun.....	9
13.	Viðburðir.....	10
14.	Framtíðarsýn og næstu verkefni.....	11
15.	Viðaukar.....	13
	SKÝRSLA DAGSSKRÁRNEFNDAR 2015-2016.....	14
	Laganefnd FÍLA.....	15
	Skýrsla fyrir starfsárið 2015-2016 vegna aðalfundar 17. mars 2016.....	15
	SKÝRSLA SAMKEPPNISNEFNDAR 2015-2016.....	16
	SKÝRSLA MENNTANEFNDAR 2015-2016.....	17
	SKÝRSLA IFLA FULLTRÚA 2015-2016.....	18
	Hönnunarmiðstöð Íslands 2015 - 2016.....	20
	GARÐSÖUGHÓPUR FÍLA.....	23
	Tímaritið HA, Hönnun og Arkitektúr – Skýrsla fagnefndarfulltrúa.....	25
	Fagnefndarfulltrúi FÍLA: Svava Þorleifsdóttir.....	25
	Skýrsla siðanefndar FÍLA 2016:.....	26

## Stjórn FÍLA

*Hermann Georg Gunnlaugsson, formaður*

*Lilja Kristín Ólafsdóttir, ritari*

*Eiður Páll Birgisson, gjaldkeri*

*Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi*

*Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi*

## 1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

### A. Skipan stjórnar

Stjórn og verkaskipting

#### Stjórn 2015-2016:

Hermann Georg Gunnlaugsson, formaður

Lilja Kristín Ólafsdóttir, ritari

Eiður Páll Birgisson, gjaldkeri

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi FÍLA í Hönnarmiðstöð

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi og IFLA-fulltrúi

#### Stjórn 2014-2015 og 2013-2014:

Hermann Georg Gunnlaugsson, formaður

Sif Hjaltdal Pálsdóttir, ritari

Eiður Páll Birgisson, gjaldkeri

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi FÍLA í Hönnarmiðstöð

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi og IFLA-fulltrúi

#### Stjórn 2012-2013:

Inga Rut Gylfadóttir, formaður

Sif Hjaltdal Pálsdóttir, ritari

Sigríður Brynjólfssdóttir, gjaldkeri

Elízabet Guðný Tómasdóttir, meðstjórnandi og formaður laganevndar

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi og IFLA-fulltrúi

### B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2015-2016

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

#### Dagskrárnefnd:

Skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Berglind Guðmundsdóttir, formaður

Jón Rafnar Benjamínsson

Hlynur Gauti Sigurðsson

#### Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Inga Rut Gylfadóttir, formaður

Hlín Sverrisdóttir

Ólafur Melsted

### **Laganefnd:**

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður.

Margrét Sigurðardóttir.

Ingvar Ívarsson

### **Menntanefnd:**

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Björk Guðmundsdóttir, formaður

Gísli Gíslason

Sigurbjörg Ósk Áskellsdóttir

### **C. Nefndir um afmörkuð málefni.**

#### **Siðanefnd:**

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, formaður

Þórólfur Jónsson

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Erla Bryndís Kristjánsdóttir

#### **Orðanefnd:**

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir, formaður

Yngvi Þór Loftsson

Áslaug Trausadóttir

#### **Skoðendur reikninga FÍLA:**

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2015 – 2016

Finnur Kristinsson

Þórólfur Jónsson

### **D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:**

#### **HönnunarMars 2016**

Ekki var skipaður verkefnisstjóri FÍLA fyrir HönnunarMars 2015 þar sem FÍLA var ekki með sérstaka dagskrá það árið. En starfshópurinn fyrir Hönnunarmars 2016 skipaði stjórnin þau Guðrúnu Birnu Sigmarsdóttur og Jóhann Sindra Pétursson til að undirbúa viðburði FÍLA.

**Xland.is**

Umsjón og uppfærsla á sérstakri heimasíðu í eigu FÍLA sem kynnir verkefni félagsmanna.

Vinnuhópurinn starfsárið 2015-2016:

Heiða Aðalsteinsdóttir

Svava Þorleifsdóttir

**Netumsjón og heimasíðan**

Uppfærsla og umsjón með heimasíðu og fésbókarsíðu FÍLA. Skipaður var sérstakur hópur til að hafa umsjón með nýrri heimasíðu FÍLA

Ritari FÍLA, fulltrúi úr dagskrárnefnd og einn fulltrúi valinn í samráði við stjórn FÍLA höfðu umsjón með heimasíðunni og netumsjón FÍLA á yfirstandandi starfsári. Þetta fyrirkomulag þarf að endurskoða og gera þessa miðla meira áberandi.

**Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)**

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.

Fulltrúar starfsárið 2015-2016:

Einar E. Sæmundsson

Auður Sveinsdóttir

**Garðsöguhópur.** Vinnur að því að skapa grundvöll til rannsókna á sögu garðsins á Íslandi, heimildasöfnun og leit að fjármunum til að rita hana. Hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd.

Fulltrúar starfsárið 2015-2016

Einar E. Sæmundsen

Samson B. Harðarson

Ásta Camilla Gylfadóttir

Þórhildur Þórhallsdóttir

Auður Sveinsdóttir

**Fulltrúar í ritstjórnnum.****Fulltrúi í faghópi sem styður við ritstjórn HA – tímarit um hönnun og arkitektúr**

Fulltrúar starfsárið 2015-2016:

Svava Þorleifsdóttir

**Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab**

Fulltrúar starfsárið 2015-2016:

Ulla R. Pedersen (Ragnar Frank Kristjánsson staðgengill)

**Undirbúningsnefnd um málþing FÍLA 2015 – Borgarlandslag – Framtíðarsýn og hönnun nærsvæða í byggð**

Stjórn FÍLA sá um undirbúning og skipulag ráðstefnunnar sem var haldin 30. apríl 2015 í Húsi Íslenskrar erfðagreiningar og samhliða málþinginu var yfirlitssýning FÍLA í Norræna húsinu 30. apríl til 3. maí 2015. Tókst málþingið einstaklega vel og voru 125 þátttakendur sem mættu. Gefin var úr sérstaku málþingsbæklingur með styrktarlínum og hefur skapast hefð fyrir því að vinna slíkann bækling.

**Undirbúningsnefnd um málþing FÍLA 2015 í samstarfi við Landsvirkjun**

Auður Sveinsdóttir, Hermann Ólafsson og Hlynur Gauti Sigurðsson komu að undirbúningi og skipulagi ráðstefnunnar sem var haldið 3. september 2015. Þetta var liður í 50 ára afmælisári Landsvirkjunar.

## E. Fulltrúar í FÍLA í stjórnnum utan félags

### IFLA - Fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaganna, þ.e. IFLA Europe og IFLA International. IFLA-fulltrúi FÍLA er Þórhildur Þórhallsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe. Situr samkvæmt lögum félagsins einnig sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

### Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöðinni

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfsseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir sem hefur séð um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina og situr jafnframt sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

### Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbrot LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomurlagi sveinsprófa.

Fulltrúi starfsárið 2015-2016

Elísabet Guðný Tómasdóttir

### Óeigingjörn félagsstörf

Samtals störfuðu á stafsárinu í stjórn, nefndum og ýmsum vinnuhópum alls 35 einstaklingar í sjálboðaliðastörfum fyrir hönd FÍLA. Það hlýtur að vera nokkuð hátt hlutfall félagsmanna borið saman við önnur fagfélög. Þessir einstaklingar eiga mikinn heiður skilið fyrir vel unnin störf á starfsárinu 2015-2016. Án þessara starfkrafta væri félagið okkar ekki eins öflugt og raun ber vitni.

## 2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru samtals 11 fundir á starfsárinu (sjö árið 2015 og fjórir árið 2016). Þetta eru mun færri fundir miðað við fyrra starfsár með samtals 17 fundum. Stjórnarfundir eru þó sjaldnar yfir sumartímam og vonum við að stjórnarfolk og aðrir félagsmenn geti safnað kröftum yfir sumarið.

## 3. Félagfundir FÍLA

Samtals voru haldnir 3 almennir félagfundir á starfsárinu.

- 24. september 2015. Kvöldganga - Höggmyndagarður Listasafns Einars Jónssonar Reynir og Ragnhildur gerðu grein fyrir hönnun lóðarinnar.
- 26. nóvember 2015 Jólafundur. Perlufesti - höggmyndagarður til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar. Margrét og Guðjón ljóshönnuði hjá Verkís fóru fyrir hópnum og svo voru veitingar í Hönnunarmiðstöð.
- 18. febrúar 2016. Elísabet V Ingvarsdóttir fjallaði um manngert umhverfi og Magnea Guðmundsdóttir arkitekt var með fyrirlesturinn: Leikjavík þar sem hún mátar nýjar og skemmtilegar hugmyndir í Reykjavík.

Síðan er verið að undirbúa vísindaferð hjá Landsvirkjun í ágúst og skoðunarferð til Kaupmannahafnar í haust. Sjá nánar skýrslu dagskrárnefndar.

## 4. Norrænir fundir

Formlegur stjórnarfundur norrænu félaganna var haldinn á árinu eða 17. september 2015 í Stokkhólmi og í beinu framhaldi dagana 18.-19. september var ráðstefna Oysterseminarium-konferens á vegum sænska félagsins sem eru um landslagsarkitektúr. Einn elsti starfandi landslagsarkitekt í heiminum, Cornelia Hahn Oberlander frá Vancouver í Kanada var að kynna nýútkomna bók sína „*Making the modern landscape*“ útgefin

2014 og ritstýrt var af Susan Harrington. Cornelia útskrifaðist sem landslagsarkitekt frá Harvard University's Graduate School of Design árið 1947 og hefur vakið athygli fyrir vinnu sína á löngum starfsferli.

Næsti norræni stjórnarfundur verður í Kaupmannahöfn 15. september 2016 og er stefnt að því að vera með vísindaferð á vegum FÍLA í tengslum við fundinn með skoðunarferð fyrir FÍLA-félaga og möguleiki að taka þátt í skoðunarferð sem danska félagið skipuleggur í tengslum við norræna fundinn.

## 5. IFLA World Congress 2015 – Moskva í Rússland.

Stærsti viðburður hjá Alþjóðasamtökunum okkar IFLA var haldinn í byrjun júní, en þá var haldinn IFLA heimsfundur í Moskvu og ráðstefna í St. Pétursborg í Rússlandi dagana 7. til 15. júní. Formaður FÍLA sótti heimsfundinn fyrir hönd félagsins, en heimsfundinn var haldinn í 52. sinn.

IFLA World eru nokkuð stór samtök, en skiptast í 4 svæði, sem eru Ameríka, Evrópa, Afríka og Asía/Kyrrahaf. IFLA Evrópa og IFLA Ameríka bera hita og þunga samtakanna, en Asía/Kyrrahafs-svæðið er þó mjög vaxandi og ánægjulegt að sjá hvað það er fjölbreytilegur og virkur hópur innan þess svæðis samtakanna. Að þessu sinni var unnið með nýja stjórnarskrá IFLA og þar er verið að opna fyrir að stofnað verði nýtt svæði innan IFLA, þar sem Austurlönd nær yrðu eitt svæði, þ.e. að Asía/Kyrrahafssvæðið verði að tveimur svæðum. Næstu heimsfundir FÍLA verða í Torínó á Ítalíu árið 2016, í Kanada árið 2017, í Singapore 2018 og í Noregi árið 2019.

Á heimsfundinum kynnti formaður FÍLA með formlegum hætti umsókn FÍLA að halda heimsfund á Íslandi árið 2021. Kynningin fékk mjög góðar undirtektir, en í ljósi fjárhagsstöðu IFLA World var ekki mögulegt að afgreiða umsóknina með formlegri afgreiðslu. Það er því ekki ljóst hvort þetta verði að veruleika að þessu sinni. En það er þó ljóst að heimsfundur IFLA eða aðalfundur IFLA Europe myndi vera mikil lyftistöng fyrir fagið okkar, félagið og myndir vekja mikla athygli á landslagsarkitektúr í íslensku samfélagi.

## 6. IFLA Europe GA 2015 – Lissabon

Sjá skýrslu IFLA-fulltrúa FÍLA.

## 7. Fulltrúaráð FÍLA

Fulltrúaráð FÍLA var boðað til fundar 10. september 2015, en þessi vettvangur hefur verið nýttur sérstaklega síðast liðin þrjú ár í störfum félagsins. Hann er skilgreindur sértaklega í lögum félagsins, en þar stendur:

*“Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundum.”*

Þetta er mikilvægur vettvangur til að móta stefnu félagsins og leggja línurnar innan félagsins og í samskiptum út á við. Á þessum fundi voru kynnt störf stjórnarinnar og hvað væri framundan á vegum félagsins, en ekki náðist þó að afgreiða með formlegum hætti ályktarnir um stöðu séruppráttá lóða. Það verkefni ætti þó að vera eitt mikilvægast baráttumál FÍLA.

## 8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2015-2016 eru samtals 100 (96 á síðasta starfsári, 97 (2013-2014) og 82 (2012-2013). Tvær úrsagnir voru úr félaginu. Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er 72 (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðargreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2016 miðast við 16. mars 2016.

Skipting:	2016	2015	2014	2013	
• <b>A-gjald</b> er fullt félagsgjald	<b>65</b>	67	68	60	félagsmenn
• <b>B-gjald</b> er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra	<b>4</b>	2	2	0	félagsmenn



- en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.
- **C-gjald** er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: **15** 12 10 15 félagsmenn
    - félagar sem eru búsettir erlendis.
    - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift.
    - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.
  - **D-gjald** er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn. **13** 13 15 5 félagsmenn
  - **Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri**, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi. **3** 2 2 2 félagsmenn

### Nýir fullgildir félagsmenn

<b>Anders Egebjerg Terp</b>	Útskrifaðist frá Københavns Universitet 2009. Fær löggildingu 06.11.15
<b>Guðrún Birna Sigmarsdóttir</b>	Útskrifaðist frá SLU 24. nóvember 2014. Fær löggildingu 25.02.15.
<b>Heiðar Smári Harðarson</b>	Útskrifaðist frá AHO í Osló 5. júní 2015. Fær löggildingu 06.11.15
<b>Marta Viola</b>	Útskrifaðist frá Københavns Universitet 2014. Fær löggildingu 06.11.15
<b>Ólafur Gylfi Gylfason</b>	Útskrifaðist frá AHO í Osló 5. júní 2015. Fær löggildingu 02.10.15

## 9. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Tvær samkeppnir voru í gangi á fyrra starfsári og engin samkeppni fór fram á yfirstöðnu starfsári. Ein samkeppni er í undirbúning og verður auglýst á næstunni. Samkeppnisreglur FÍLA og þær vinnureglur sem þar hafa skapast með forvali, hafa leitt til þess að sveitarfélög hafa notast við þessa aðferðafræði í öðrum samkeppnum. Samkeppnir hafa skapað FÍLA ákveðnar tekjur og það mun vonandi verða svo áfram. Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar.

## 10. Kynningarmál

- **Heimasíða FÍLA**  
Hún hefur sannað sig, en við getum gert betur og nýtt hana meira sem kynningarefni eða miðlun upplýsinga til félagsmanna. Skoða þarf hvort nýta eigi heimasíðuna til að koma upplýsingum til félagsmanna á lokuðu svæði. Annað sem hefur verið til umræðu, en það er að koma inn auglýsingum til að auka tekjur félagsins. Norska félagið hefur gert þetta um nokkurt skeið með góðum árangri. Einnig væri hægt að tengja saman heimsíðuna og útgáfu á árbók FÍLA. Það verður verkefni komandi stjórnar að fylgja þessu verkefni eftir, að taka inn auglýsingatekjur á heimsíðunni og með árbók sem gæti komið úr annað hvert ár.
- **Ritnefndafulltrúar FÍLA og nýtt tímarit um hönnun og arkitektúr HA**  
Búið er að gefa út 2 tölublöð og það þriðja er á leiðinni. Svava Þorleifsdóttir er fulltrúi FÍLA í ritstjórn HA! Það hefur verið barátta að fá greinar félagsmanna inn í blaðið og vinnubrögðum og samskiptum ritstjóra og þriggja manna ritstjórnar hefur verið nokkuð ábótavant. Það verður að taka á þessu, ef við ætlum að koma að rekstri blaðsins í framtíðinni. Einnig virðist fjárhagshliðin vera erfið og óljóst hve margir félagsmenn standa bakvið blaðið í þessum 9 félögum sem eru bak við útgáfuna. Það verður að leggjast yfir stöðuna eftir að þriðja tölublaði kemur út í samræmi við samning félaganna níu og Hönnunarmiðstöðvar og endurskoða samninginn standi reskturinn ekki undir sér. Sjá nánar upplýsingar í ársreikningi FÍLA og kynningu gjaldkera á fjármálum FÍLA.
- **Ritnefnd Landskab**  
Sjá nánar skýrslu fulltrúa FÍLA í ritstjórn Landskab.

## 11. Samskiptamál

- **Sameiningarmál AÍ og FÍLA**  
Komið var á fót vinnuhóp skipuðum tveimur fulltrúum frá hvoru félagi. Fulltrúar FÍLA í hópnum eru Hermann Ólafsson og Íris Reynisdóttir.
- **Ríkiskaup og rammisamningur**



Ekkert bólar á nýjum rammamningi og spurning hvort hægt verði að framlengja eldri samning eina ferðina enn.

- **Rammamningur við Reykjavíkurborg.**  
Rammamningur sem var í gildi rann út maí 2014 og ekki er kominn fram nýr samningur.
- **Alþingi og umsagnir**  
Laganefnd FÍLA fékk eitt frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.). Ekki var skilað inn athugasemdum þar sem um fá snertifleti við FÍLA var um ræða.  
Stjórnin fól einnig nefndinni að endurskoða markmið félagsins í lögum FÍLA eða 2. gr. laganna og verður sú endurskoðuð lögð fyrir aðalfundinn sem breyting á lögum félagsins. Sjá nánar skýrslu laganefndar.
- **Mannvirkjastofnun**  
Hönnunarhandbók fyrir byggingarreglugerð sem Mannvirkjastofnun mun gefa út, var sent úr til umsagnar. FÍLA láðist að gera athugasemdir og þykir okkur það mjög miður. Reynt var að fá að skila athugasemdum eftir að fresturinn rann út, en engin svör fengust við þeirri viðleitni.
- **Umhverfis- og auðlindaráðuneyti**  
FÍLA sendi 24. október 2014 erindi til ráðuneytisins þar sem skorað er á ráðuneytið og þar með löggjafarvaldið að yfirfara löggjöf sem snýr að starfsréttindum landslagsarkitekta, séruppráttum af lóð og mannvirkjalögum. Erindinu hefur ekki enn verið svarað.
- **Aðild FÍLA og félagsmann að BHM**  
Þessu máli hefur verið frestað og hugsanlegt að taka þetta upp í tengslum við samstarf eða sameiningu við FÍLA og AÍ, en arkitektafélagið er nú þegar aðili að BHM.
- **Landbúnaðarháskóli Íslands.**  
Frá árinu 2013 hefur ítrekað verið haft samband við Lbhí vegna stöðu námsbrautar og kröfu FÍLA um að skólinn endurnýji umsókn sína um að fá umhverfisskipulagsbrautina viðurkenda af IFLA Europe sem bs-nám í landslagsarkitektúr. Sent var formlagt erindi til rektors Lbhí 12. nóvember 2014, þar sem skorað er á rektor Lbhí að kynna þau sjónarmið FÍLA. Sjónarmið þar sem FÍLA áréttar fagleg sjónarmið sín og skorar á Lbhí að hefja að nýju umsóknarferli um alþjóðlega viðurkenningu til IFLA Europe, um að BS-nám í umhverfisskipulagi verði viðurkennt grunnnám í landslagsarkitektúr. Enn hafa engin viðbrögð hafa borist frá Lbhí við bréfinu frá 12. nóvember 2014.
- **Landsvirkjun**  
Landsvirkjun átti 50 ára afmæli á síðasta ári og í tengslum við það auglýsti Landsvirkjun eftir samstarfi við ýmsa aðila um viðburði á árinu. Haldið var málþing í samstarfi við Landsvirkjun 3. september 2015 og var heiti þess Hvernig mótast orkuvinnsla umhverfið? – Hönnun, áhrif og afturkræfni í orkulandslagi. Um 180 manns sóttu málþingið og tókst mjög vel.

## 12. Hönnunarmál og verðlaun

- **Hönnunarmiðstöð Íslands**  
Hún er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Sjá nánar skýrslu fulltrúa FÍLA í Hönnunarmiðstöð.
- **Hönnunarsjóður Íslands**  
Engin úthlutun til félagsmanna á þessu starfsári, en samtals voru þrjár úthlutanir þar sem ráðstafað var 37 milljónum.
- **Hönnunarverðlaun Íslands**  
Það var sýningin Eldheimar sem hlaut hönnunarverðlaunin 2015, en þetta er verk Axels Hallkells Jóhannessonar sýningarhönnuðar, Gagarín sem hannaði gagnvirka sýningarhluta, arkitektsins Margrétar Kristínar Gunnarsdóttur og Lilju Kristínar Ólafsdóttur landslagsarkitekts. Við erum stolt af okkar fulltrúa í þessum verðlaunum.

### 13. Viðburðir

- Haldið var málþing FÍLA 2015 undir yfirskriftinni **Borgarlandslag – Framtíðarsýn og hönnun nærumhverfis í byggð**, en þingið var haldið í Húsi Íslenskrar erfðagreiningar. Alls skráðu sig 125 einstaklingar og tókst það með miklum ágætum. Samhliða málþinginu var svo sýning frá 30. apríl til 3. maí 2015 á vinningstillögum í samkeppnum þar sem stuðst var við samkeppnisreglur félagsins eða AÍ.
- Málþing 3. September 2016 í **samstarfi við Landsvirkjun**. Sjá nánar undir lið 11. Samskiptamál.
- **Krakkar FÍLA leiksvæði**. Viðburður FÍLA á HönnunarMars 2016 var á Kjarvalsstöðum þar sem skoðuð var hönnun leikskólalóða, en haldin var málstofa með ýmsum faghópum og sett upp sýning teiknistofanna á hönnun leikskólalóða og leiksvæða. Alls bárust 23 uppdrættir frá 9 aðilum og settar upp trönur sem voru smíðaðar af félagsmönnum. Auk þess var gólfið á Kjarvalsstöðum skreytt fyrir börnin til leikja og aðstaða sett upp til að teikna. Alls komu 120 manns á málstofuna og var almenn ánægja með viðburðinn og erindin.
- Fimmtudaginn 4. júní hélt **Diane Menzies** landslagsarkitekt PhD frá Landcult Ltd á Nýja-Sjálandi fyrirlestur í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu 41 í Reykjavík á vegum FÍLA með yfirskriftinni: "Landslagsarkitektúr á Nýja-Sjálandi". Diane er með doktorsgráðu í landslagsarkitektúr og hefur kennt við háskólann í Wellington á Nýja-Sjálandi. Diane er fyrrverandi forseti IFLA World og árið 2001 var hún skipuð í umhverfisdómstól Nýja-Sjálands. Hún hefur einnig verið formaður félags landslagsarkitekta á Nýja-Sjálandi og er einn af heiðursfélögum þess félags.

## 14. Framtíðarsýn og næstu verkefni

Nú er 38. starfsár FÍLA á enda og hefur þetta starfsár einkennst af því að vera meira út á við. Tvö málþing og ein málstofa á einu ári, þar sem við höfum leitast við að koma boðskap okkar hönnunar, sérstöðu og verkefna á framfæri við aðra hópa sérfræðinga og almenning. Viðburðir um borgarlandslag með 125 málþingsgesti, orkulandslag með 180 málþingsgesti og 120 gesti á málstofunni Krakkar FÍLA leiksvæði á HönnunarMars 2016 eru dæmi um jákvæða umræðu og sýnileika landslagsarkitektúrs á Íslandi.

Áfram höfum við unnið að skipulagi á vistun gagna til að tryggja að við mannskipti innan félagsins, þurfi ekki að finna upp hjólið í hvert skipti. Næstu skref eru að skoða vistun gagna til framtíðar og tryggja eðlilega vistun og afritun gagna félagsins. Einnig þarf að vinna skýrari stafsreglur fyrir stjórn og nefndi FÍLA. Búið er að semja um vistun á heimasíðu hjá nýjum aðila, sem jafnframt leggur til tölvupóstþjónustu þar sem hægt verður að nota opinber netföng FÍLA á góðann og einfaldari hátt en áður.

Nú eru komin út tvö tölublöð af HA! Tímaritinu okkar sem öll níu hönnunarfélögin standa að ásamt Hönnunarmiðstöð. Þetta er sami slagurinn og áður að fá félagsmenn til að skrifa, einnig hafa fulltrúi FÍLA í ritnefndarhópnum, formaður FÍLA og stjórnarfolk þurft að berjast fyrir því að fá birtar greinar og að textanum sé ekki breytt af ritstjóra eða öðrum. Við þurfum að endurmeta veru okkar á þessum vettvangi og hvort það sé ekki skynsamlegara að nota þá fjármuni sem við leggjum þarna inn í önnur verkefni eða kynningarefni á vegum FÍLA. Árbók FÍLA á tveggja ára fresti gæti verið dæmi um nýja leið. Norska félagið hefur náð góðum árangri með sína árbók og náð inn verulegum tekjum.

Garðsögumenning á Íslandi er kannski ekki öflug í samanburði við önnur lönd sem við berum okkur oft saman við. Þó voru það nokkur tímamót þegar Minjastofnun Íslands leitaði til FÍLA árið 2014 í formi minnisblað um friðlýsingu sögulegra garða og garðminja. Þar var óskað eftir samstarfi við garðsöguhóp FÍLA um að skilgreina merka garða sem falla eða fallið gætu undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2013. Þetta verkefni er enn í vinnslu og er stefnt að því að fagna því sérstaklega með viðburði þegar þessi verndun verður gerð opinber. Hér hefur garðsöguhópurinn unnið mjög gott starf og lagt fram áhugaverð gögn inn í þennan vaxandi málaflokk.

Ef það verður niðurstaðan að FÍLA verði falið að undirbúa og skipuleggja heimsping og ráðstefnu IFLA World á Íslandi árið 2021, þá verður það eitt af aðalverkefnum á næstu árum og mun vekja athygli á störfum landslagsarkitekta á Íslandi og veitur okkur möguleika á því að fylgja eftir mikilvægum baráttumálum FÍLA. Það verður tækifæri til vekja athygli á að mikilvægi efla löggjöf og reglur sem auka gæði nærumhverfis, efla lýðheilsu, taka upp markmið í Evrópska landslagssáttmálanum um verndun, mótun og þróun landslags upp á næsta stig. Þetta eru enn markmið fráfarandi stjórnar og mun nýr varaforseti ILFA Europe fyrir fagleg málefni vinna að því að landa þessu heimspingi.

Í nýlegum úrskurðum síðanefndar FÍLA um ágreiningsmál milli félagsmanna kemur skýrt fram að sérupprættir lóðar séu lykillinn að það færri ágreiningsmálum í framtíðinni. Það er grundvallarkrafa að teikningar okkar verði áritaðar og lagðar inn til byggingarfulltrúa. Þetta er eitt mikilvægasta og mest aðkallandi baráttumál félagsins. Við verðum knýja á um skýrari ákvæði og eftirfylgni með því að hönnunarverk okkar séu lögð inn til byggingaryfirvalda. Stjórnin hefur fengið til sín lögfræðinga sem hafa sérhæft sig á þessu sviði til að aðstoða félagið. Stefnt er að því að vinna tillögur að breytingum á byggingarreglugerð og mannvirkjalögum þar sem þessi ákvæði um áritaðar lóðarteikningar eða sérupprættir landslagsarkitekta verði tryggt í lögum og reglugerð.

Sameiningarmál arkitektafélaganna hafa legið í loftinu um nokkurt skeið. Á síðustu þremur árum hefur verið reynt að koma þessari vinnu áleiðis. Sett var á laggirnar fjögurra manna vinnuhópur til að taka saman kosti og galla sameiningar AÍ og FÍLA. Eftir að hafa komið að þessu ferli nokkuð lengi, er það skoðun formanns FÍLA og er stjórnin almennt á því að það verði að taka á þessu máli. Svo dæmi sé tekið, þá hafa Svíar náð góðum árangri með sameinuðu félagi.

Með nýju og sameinuðu Íslensku arkitektafélagi gætum við komið fram sem einn hópur, en innan nýja félagsins yrðu alla vega fjórar deildir. Það væru arkitektúr, landslagsarkitektúr, innanhúsarkitektúr og borgarhönnun. Þannig gætu allir fundið sér sitt svæði, lögverndun starfsheita væri tryggð áfram og okkar gamla félag yrði rekið áfram eins og það hefur gert hingað til með áherslu á sérstöðu okkar sem sérfræðingar og æafram með fullgildri aðild að IFLA World og IFLA Europe. Eitt af því sem AÍ og FÍLA gætu byrjað á, væri að stofna Íslensku arkitektaverðlaunin með nokkrum undirflokkum, eftir þannig samstarf félaganna og vakið athygli á faginu.

Það er þó ljóst, óháð því sem kom fram hér að ofan, að FÍLA verður að setja á laggirnar Íslensku landslagsarkitekta verðlaunin - ÍLAV og gæti stefnt að því að veita þau í fyrsta skipti á 40 ára afmælisárinu árið 2018. Við gætum byrjað á því að veita þau á þriggja ára fresti og í annað sinn gætu þau verið veitt árið 2021 þegar við höldum heimsþingið í Reykjavík.

Með því að halda heimsfund IFLA árið 2021 eða aðalfund IFLA Europe felast miklir möguleika í því að styrkja stöðu landslagsarkitekta og vekja athygli á landslagsarkitektúr í íslensku samfélagi. Heimsfundur IFLA World á Íslandi er tækifæri og unnið verður áfram að því að tryggja að FÍLA verði falið þetta verkefni.

Eftir langann vetur vonum við svo að sumarið verði dásamlegt. Lengi lifi félagið okkar. Áfram FÍLA.  
Lifið heil!

Stjórn FÍLA

## 15. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Ritnefndarfulltrúar FÍLA
- IX. Garðsöguhópur FÍLA
- X. Siðanefnd

## SKÝRSLA DAGSSKRÁRNEFNDAR 2015-2016

Dagsskrárnefnd FÍLA veturinn 2015 – 2016 var skipuð þeim Berglinði Guðmundsdóttur, Jóni Rafnari Benjamínssyni og Hlyni Gauti Sigurðssyni.

### 22. september Höggmyndagarður Listasafns Einars Jónssonar.

Garðurinn var formlega opnaður 8. júní árið 1984. Framkvæmdir höfðu staðið yfir í þónokkurn tíma og margir komið að þeirri vinnu.

Forstöðumaður safnsins var þá Ólafur Kvaran. Reynir Vilhjálmsson og Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitektar sáu um skipulag garðsins. Steinþór Sigurðsson listmálari valdi verkunum stað, Einar Þorgeirsson skruðgarðsmeistari sá um alla garðyrkjuvinnu og Ólafur Auðunsson húsasmíðameistari steypiti stöplana. Reynir og Ragnhildur kollegar okkar sáu um leiðsögn og var þetta virkilega góður og fallegur eftirmiðdagur sem FÍLAR áttu í haustsólinni í september.

### 27. nóvember Jólafundur Hljómskálagarðinum

Þar fengum við fræðslu frá Listasafni Reykjavíkur um tilurð og tilkomu Perlufestarinnar sem er höggmyndagarður til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar. Magga Sig kollegi vor var með með í för en hún kom að staðsetningu verkanna ásamt Guðjóni ljósahönnuði hjá Verkís sem sá um lýsingu. Síðan var farið inní hlýjuna í Hönnunarmiðstöðinni og jólast enn meir og drukkíð jólaglög og borðaðar eplaskífur.

### 18. febrúar Manngert umhverfi og Leikjavík.

Þær stöllur Magnea Guðmundsdóttir arkitekt með fyrirlesturinn: Leikjavík þar sem hún mátaði nýjar og skemmtilegar hugmyndir í Reykjavík. Magnea er sjálfstætt starfandi arkitekt og ráðgjafi. Hún nam arkitektúr við Architectural Association í London og starfaði þar m.a. fyrir borgarstjóra og við ráðgjöf í skipulagsmálum. Hún situr í umhverfis- og skipulagsráði í Reykjavík og hefur kennt teikningu og arkitektúr við háskóla í Englandi og í Reykjavík.

Og Elísabet V Ingvarsdóttir velti fyrir sér manngerðu umhverfi. Hún er með meistarapróf í hönnunarsögu frá Kingston University í London en áður lauk hún námi í innanhúsarkitektúr frá The North London Polytechnic og starfaði við það í mörg ár. Síðustu ár hefur Elísabet kennt við hönnunarbraut Tækniskólans og verið stundakennari við Listaháskóla Íslands auk þess sem hún hefur sett upp og sýningarstýrt sýningum um hönnun.

### Mars - apríl 2015 Lýsing í útirýmum.

Árið 2005 var efnt til samkeppni um framtíðarskipulag Akratorgs á Akranesi og næsta nágrennis sem Landmótun sigraði. Deiliskipulag Akratorgsreits var síðan unnið árið 2013 af Landmótun sf. á grundvelli fyrstu verðlaunartillögunnar og í kjölfarið var hafin vinna við hönnun torgsins. Lýsing á torginu var unnin af Verkís í samvinnu við Landmótun og megin hugmyndin var að skapa torg sem yrði akkeri menningar, viðburða og þjónustu á Akranesi. Lýsingarlausnir torgsins taka mið af þessari hugmynd og skapa umhverfi sem er síbreytilegt. Lýsingin á Akratorgi er bæði hugsuð sem almenn lýsing frá ljósastaurum í kringum torgið og skrautlýsing sem er stýrt í spjaldtölvu og lýsir á svið, stytta, gosbrunn og gönguleiðir innantorgsins. Íris Reynisdóttir tekur á móti okkur. hlaut tillagan íslensku lýsingarverðlaunin 2014.

Hönnunarmars 10 - 13 mars 2016

### 17. mars 2015 Aðalfundur haldinn í fundarsal Verkís ehf, Neðtaleiti 1.

### 29. apríl/maí 2016 Landsvirkjun virkjanaferð og árshátíð.

Farið verður í Búrfellsstöð og Ljósafossstöð, sameiginlegur kvöldverður verður á Selfossi.

## Laganefnd FÍLA

### Skýrsla fyrir starfsárið 2015-2016 vegna aðalfundar 17. mars 2016

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varða lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins. Starfsárið 2015-2016 skipuðu nefndina Svanhildur Gunnlaugsdóttir formaður, Margrét Sigurðardóttir og Ingvar Ívarsson.

Nefndinni barst eitt lagafrumvarp til umagnar á starfsárinu en fór þar að auki yfir tillögu að breytingu á byggingarreglugerðinni. Einnig fór nefndin yfir lög félagsins og gerði tillögu að breytingu á þeim sem leggja á fyrir aðalfundinn 2016.

- Í október 2015 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Nefndin taldi ekki að gera þyrfti athugasemdir við breytingartillöguna. Þegar upphaflegt frumvarp var lagt fram gerði FÍLA athugasemdir og var ekki talin ástæða til þess að gera athugasemdir við þær breytingartillögur sem lagðar voru fram nú.
- Í febrúar 2016 var lögð fram breytingartillaga á byggingarreglugerð nr. 112/2012. Nefndin áleit að breytingarnar væru þess eðlis að þær kölluðu ekki á athugasemdir af félagsins hálfu.
- Auk þessara umsagna vann laganefndin tillögu að breytingu á lögum félagsins sem tekin verður fyrir á næstkomandi aðalfundi félagsins. Lögð er til breyting á 2. gr. laganna, sem fjallar um markmið þeirra. Það er gert til þess að skerpa á samfélagslegu hlutverki félagsins og skyldum þess gagnvart félagsmönnum. Auk þess eru gerðar minniháttar breytingar á einstaka greinum, aðallega orðalagsbreytingar.

Selfossi, 1. mars 2016, fyrir hönd laganefndar  
Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður laganefndar FÍLA

## SKÝRSLA SAMKEPPNISNEFNDAR 2015-2016

Nefndarmenn: Inga Rut Gylfadóttir Hlín Sverrisdóttir Ólafur Melsted

### Starfsemi:

Aðalstarf nefndarinnar þetta starfsár hefur verið að vinna með Reykjavíkurborg að undirbúningi að samkeppni um framtíðarnýtingu í Gufunesi. Eftir nokkra yfirlegu og langt ferli verður hún loks sett af stað næstu daga og mun verða auglýst í dagblöðum.

### Markmið:

Við berum faglega ábyrgð á samkeppninni og unnið eftir bestu getu með Reykjavíkurborg að undirbúningi.

### Dómnefnd

Dómnefndarfulltrúar verða 5 talsins, 3 aðilar frá verkkaupa og 2 fulltrúar sem FÍLA tilnefnir. Verkkaupi tilnefnir þrjá dómnefndarfulltrúa með samþykki okkar, þar sem við höfum lagt áherslu á að meirihluti dómnefndar sé fagaðili.

Dómnefndarfulltrúar okkar verða ekki valdir fyrr en eftir að forvali lýkur.

### Forvalsfulltrúar:

Þar sem um ræðir forvalskeppni höfum við tilnefnt einn forvalsfulltrúa úr okkar röðum. Aðrir forvalsfulltrúar koma frá verkkaupa og er misjafnt hversu margir þeir hafa verið.

### Trúnaðarmaður

Í þeim samkeppnum sem við höfum haldið höfum við tilnefnt trúnaðarmann úr okkar röðum:

- Ákveðið hefur verið að halda okkur við Ólaf Melsted sem hefur safnað að sér nokkurri reynslu í því hlutverki.

Bestu kveðjur,

f.h samkeppnisnefndar

---

Inga Rut Gylfadóttir



## SKÝRSLA MENNTANEFNDAR 2015-2016

Aðalfundur 17.mars 2016.

Hlutverk nefndarinnar er að fara með menntamál stéttarinnar, nefndin fær til yfirferðar umsóknir með inntöku nýrra félaga í FÍLA ef að um vafamál er að ræða, ásamt því að halda tengslum við helstu menntastofnanir. Menntanefnd FÍLA veturinn 2015-2016 var skipuð þeim Björk Guðmundsdóttur formanni, Gísli Gíslasyni og Sigurbjörgu Ósk Áskelsdóttur.

Helstu verkefni menntanefndar á liðnu ári voru:

- **Umsagnir vegna löggildingar á starfsheiti.** Engar umsóknir bárust til yfirferðar á starfsárinu.
- **Reglur um starfsheiti til lðnaðarráðuneytis.** Málið var í biðstöðu á starfsárinu.
- **Mögulegt grunnám í landslagsarkitektúr og arkitektúr**  
Á fundi stjórnar FÍLA 9.febrúar 2015 kynnti Menntanefnd FÍLA upplýsingar um fjölda og afdrif útskrifaðra landslagsarkitekta til að fá betri yfirsýn um stöðu háskólamenntunar er tengist faginu. Fulltrúi menntanefndar tók einnig þátt í fulltrúafundi FÍLA í september 2015 þar sem þetta málefni var m.a. til umfjöllunar.
- **Fundir menntanefndar.** Haldin var einn fundur í Menntanefnd FÍLA þar sem m.a. var fjallað um framtíðarfyrirkomulag menntunar á sviði landslagsarkitektúrs á Íslandi og reglur um starfsréttindi á fagsviðinu, ásamt fundi og samskiptum við stjórn félagsins.

F.h. menntanefndar  
Björk Guðmundsdóttir

## SKÝRSLA IFLA FULLTRÚA 2015-2016

### Ársskýrsla IFLA fulltrúa fyrir starfsárið 2015-2016

Aðalfundur IFLA Europe var haldinn 17-18 október í Lissabon og skipulagður af Portúgalska félagi landslagsarkitekta, APAP. Formaður FÍLA, Hermann Georg Gunnlaugsson, og IFLA fulltrúi FÍLA, Þórhildur Þórhallsdóttir sóttu fundinn ásamt 70 öðrum fulltrúum frá 30 löndum.

Daginn áður var ráðstefna með þemað: *Landscape archetype, lesson for the future*, en undanfarin ár hefur skapast sú hefð að halda dagsráðstefnu í tengslum við aðalfundinn. Þema ráðstefnunnar skilaði sér inn á aðalfundinn og hófst hann á stuttum erindum sem tengdust efninu frá meirihluta aðildarlandanna. Erindum verður svo safnað saman í bók sem verður gefin út á næsta aðalfundi. Með því að taka saman og miðla reynslu og skoðanir landslagsarkitekta um alla Evrópu á sértæku málefni er vonast til að auka sýnileika fagsins, félagsins og færa félagsmenn um alla Evrópu nær hvor öðrum.

Aðalfundurinn stóð yfir í tvo daga og þar kom vel fram hve Evrópuhluti félagsins stendur vel hvað varðar skipulag, fjárhag og samskipti. Áhersla er lögð á að kynna og styrkja fagið á breiðum grunni, bæði hjá þeim sem starfa við fagið en einnig við menntastofnanir. Vinnuhópar eru margir vel virkir þrátt fyrir fjarlægðir og stjórnin hefur skýra sýn á stefnumótun og metnað um að auka á sýnileika fagsins m.a. í ýmsum verkefnum hjá Evrópuráðinu (No net loss og Green infrastructure) ásamt ötulli vinnu Fritz Auweck við að fá fagið samþykkt hjá Evrópusambandinu. Þar miðar verkefninu áfram, en gengur hægt þar sem fagið þykir ekki hagfræðilega mikilvægt.

Á aðalfundinum var samþykkt samhljóða ályktun sem gefin var út að fundi loknum. Yfirskrift ályktunarinnar er: *Learning from Landscapes*. Þar er áréttað að landslag er félagsleg og menningarleg túlkun náttúrunnar þar sem hægt er að sjá tæknilegan og félagslegan þroska mannkyns og hvernig maðurinn hefur leitast við að laga sig að náttúrulegum aðstæðum. Viðnámsþróttur landslags er sérlega mikilvægur fyrir lífsviðurværi fólks og sem samfélag stöndum við frammi fyrir stöðugum breytingum sem kalla á sjálfbærari lífstíl til að viðhalda lífsgæðum. Ályktunin var framlag IFLA Europe til loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember 2015 og má lesa í heild sinni á: <http://iflaeurope.eu>

UNESCO var veitt IFLA Europe 2015 verðlaun fyrir m.a. að vera leiðandi afl í verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins með Heimsminjaáætlun frá 1972 og stofnun lista yfir óáþreifanlegar menningarminjar.

Rætt hefur verið um þörfina á að auka tækifæri á því að félagsmenn geti unnið í öðrum Evrópulöndum. Það getur gerst við að auðvelda flutning landslagsarkitekta milli landa og viðurkenningu á námi og inngöngu í fagfélög annarra landa (Professional Movement between Associations). Reglur um inntöku eru mismunandi milli landa og sérstakur vinnuhópur er að skoða hvort hægt sé að einfalda inntökureglur eða útbúa sameiginlegan flöt sem aðildarfélögin geta unnið með.

Einnig hefur verið stofnaður gagnagrunnur sem miðast við að veita félagsmönnum fleiri tækifæri á að þróa hæfileika sína á evrópskum vettvangi. Gagnagrunnurinn (Members database) var kynntur á aðalfundinum í Lissabon. Með honum er reynt að skapa nýtt umhverfi fyrir félagsmenn og auka möguleika þeirra á að tengjast landslagsarkitektum í öðrum Evrópulöndum án þess að trufla þá gagnagrunna sem fyrir eru í hverju landi. Með gagnagrunninum er einnig stefnt að virkari tengingum IFLA Europe við félagsmenn og að tengja þá við önnur verkefni t.d. hjá Evrópuráðinu (Council of Europe). Skráning í gagnagrunninn er bundin einstaklingum og hvetjum við alla þá sem hafa áhuga á samvinnu við fagaðila utan landsteinana að skoða málið inn á: <http://iflaeurope.eu/ifla-europe-projects/members-database>

Aðalstyrktaraðili IFLA Europe er sem fyrr Van der Berk og var þeim þakkað sérstaklega. Aðildarlönd að IFLA Europe eru 34

Í lok fundar var kjörin ný stjórn, einn sat áfram í stöðu gjaldkera en sökum veikinda komu fjórir nýir aðilar inn í stjórn.

- Tony Williams frá Írlandi var kjörinn nýr formaður (President)
- Marc Claramunt frá Frakklandi endurkjörinn sem gjaldkeri (Treasurer)
- Anja Boserup Qvist frá Danmörku var kjörin ritari (Secretary general)
- Emilia Weckman frá Finnlandi varaformaður/formaður menntanefndar (Vice President Education)
- Og okkar eigin Hermann Georg Gunnlaugsson var kjörinn einróma varaformaður/formaður fagnefndar (Vice President Professional Practice)

Þetta var mikið ánægjuefni og tryggir góða aðkomu FÍLA inn í hjarta IFLA. Við fögnum því líka sérstaklega hve sterk Norðurlöndin eru í stjórn, en það er okkar reynsla að fagið stendur sérlega vel í okkar heimshluta.

Næstu fundir verða:

Aðalfundur IFLA Europe:

2015 – Portugal, Lissabon 16.-18. Október

2016 - Tyrkland

2017 – Rúmenía

2018 –England

IFLA World Congress

2016 – Ítalía, Torino í apríl

2017 – Kanada, Montreal



Myndir frá aðalfundi: Fundarstaðurinn var ekki af verri endanum; Palace de la Independencia í miðborginni – Stífl fundarseta – Formaðurinn í góðum félagsskap – Hinn portúgalski landslagsarkitekt Goncalo Ribeiro Telles við garðinn sinn Calouste Gulbenkian park sem hann teiknaði 1969. Félagsmenn frá 7 öðrum löndum hlýða á hann segja frá hönnunarferlinu.

IFLA fulltrúi FÍLA  
Þórhildur Þórhallsdóttir

## Hönnunarmiðstöð Íslands 2015 - 2016

Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar hefur verið með líku sniði og undanfarin ár, 2015 er áttunda starfsár miðstöðvarinnar. Aðalfundur HM var haldinn 28. maí 2015. Nánari upplýsingar varðandi Hönnunarmiðstöð Íslands og viðfangsefni hennar verður að finna í skýrslu sem gefin verður út fyrir starfsárið 2015 – 2016 fyrir aðalfund sem haldinn verður í lok maí.

### HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Hönnunarmiðstöð er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun og arkitektúr á Íslandi og erlendis, níu fagfélög eru eigendur hennar Það er mikilvægt fyrir okkur sem félag að taka þátt í þessu samstarfi og ástæða til að undirstrika að FÍLA er einn af eigendum Hönnunarmiðstöðvar. Mikilvægt er að undirstrika að hlutverk miðstöðvarinnar er m.a. fræðsla, stuðningur, kynning og aðstoð við okkur sem eigum hlutdeild í miðstöðinni.

### HUTVERK

Á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar eru hlutverk og verkefni miðstöðvarinnar kynnt:

Kynning

- Kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs á Íslandi
- Vekur athygli á framúrskarandi íslenskri hönnun erlendis
- Rekur öflugan vef á íslensku og ensku um íslenska hönnun og arkitektúr
- Stuðlar að faglegri umfjöllun um hönnun og arkitektúr
- Greiðir fyrir markaðssetningu og útflutning íslenskrar hönnunar

### RÁÐGJÖF

- Mótar hönnunarstefnu með stjórnvöldum
- Veitir hönnuðum ráðgjöf um vöruþróun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning
- Styður sprota- og frumkvöðlafyrirtæki með takmarkað fjármagn og þekkingu til að koma sér áfram
- Veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hönnunartengd verkefni

### NÝSKÖPUN

- Leiðir hönnuði og fyrirtæki saman í nýsköpunar- og vöruþróunarverkefnum
- Vinnur að því að auka fjármagn til þróunar hönnunarfyrirtækja

### SAMSTARF

- Myndar tengsl á milli greina og hvetur til samstarfs og umræðu
- Stuðlar að auknum mælingum og rannsóknarvinnu varðandi umfang og vöxt hönnunargeirans
- Ýtir undir fræðslu í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu

### VIÐBURÐIR

- Stendur fyrir fyrirlesturum, sýningum, ráðstefnum og HönnunarMars

Hönnunarmiðstöð hefur vaxið og dafnað á örfáum árum og tekist hefur að halda kraftmikilli starfsemi með útsjónarsemi og hagkvæmni því fjárframlög til miðstöðvarinnar hafa ekki verið í samræmi við verkefnið eða mikilvægi þeirra fyrir íslenskt samfélag og þar með talið okkur í félaginu okkar FÍLA

### STEFNUMÓTUNARFUNDIR HÖNNUNARMÍÐSTÖÐVAR

Tveir stefnumótunarfundir hafa verið haldnir fyrir Hönnunarmiðstöð Íslands, sá fyrri var haldinn á Kolsstöðum í Borgarfirði árið 2009 og fimm árum síðar var ákveðið að halda samskonar fund á ný, hann var haldinn í Bláa lóninu árið 2014

## HÖNNUNARVERÐLAUN

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum 24.nóvember s.l.. Ánægjulegt er að segja frá því hér að þau sem hlutu Hönnunarverðlaun Íslands 2015 voru Axel Hallkell Jóhannesson sýningarhönnuður, Gagarín, Lilja Kristín Ólafsdóttir landslagsarkitekt og Margrét Kristín Gunnarsdóttir fyrir verkið Eldheima – gosmynjasýningu í Vestmannaeyjum. Viðurkenningu fyrir beztu fjárfestingu í hönnun hlaut stoðtækjafyrirtækið Össur

## HÖNNUNARSJÓÐUR

Hönnunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Tekjustofn sjóðsins er árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum. Frá fyrstu úthlutun hefur fjöldi umsækjenda verið mikill og margvísleg verkefni hafa hlotið styrk úr sjóðnum. Árið 2015 voru tvær stórar úthlutanir úr hönnunarsjóði. Í fyrri úthlutun voru rúmlega 20 milljónir veittar og í nóvember 2015 var 15,5 milljónum úthlutað úr hönnunarsjóði.

Úthlutun stóru styrkjanna er tvisvar á ári en ferðastyrkjum er úthlutað fjórum sinnum. Allar nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar og í fréttabrefi sem er sent út reglulega.

Á árinu 2016 eru áætlaðar 2 úthlutanir þróunar- og rannsóknarstyrkja en ferðastyrkir verða veittir fjórum sinnum. Sjá <http://sjodur.honnunarmidstod.is/>.

## HÖNNUNARMARS 2015 og 2016

Glæsileg sýning KRAKKAR FÍLA LEIKSVÆÐI og fjölsótt málstofa sem haldin var á Kjarvalsstöðum 11. – 13.mars í tengslum við sýninguna er félaginu okkar til sóma og sýnir kraftmikið, óeigingjarnt starf. Málstofan og opnun sýningarinnar var sótt af um 120 manns og greinilegur áhugi á framhaldi í sama anda kom fram í erindum og samtölum á viðburðinum.

Sýningin er einkar vel heppnuð og hefur þann kost að allir aldurshópar geta notið hennar. Þessi skemmtilega sýning fékk nýjan vettvang í gær þegar hún var flutt frá Kjarvalsstöðum niður á Höfðatorg en þar er áætlað að hún standa til 1.apríl n.k. svo fleiri fái tækifæri til að njóta hennar.

Verkefnastjórar viðburðarins Guðrún Birna Sigmarsdóttir og Jóhann Sindri Pétursson, stjórn FÍLA, allir sem fluttu erindi á málstofunni og þeir fjölmörgu sem taka þátt í sýningunni eiga hrós skilið fyrir frábæra málstofu og sýningu.

Engin samsýning var á vegum FÍLA árið 2015 en einhverjir félagsmanna tóku þátt.

Fyrirlestrardagur var á opunardegi HönnunarMars 2015 og 2016 líkt og venjan er og var haldinn í Hörpu. Þema á fyrirlestradegi 2015 var Play away og áherslan á mikilvægi leiks í skapandi ferli. Í ár var máttur hönnunar sem skapandi stjórnunaraðferðar könnuð. Áherslan var á hvernig nýta megi nýsköpun og skapandi stjórnunaraðferðir til að bæta lífsskilyrði og auka sjálfbærni. Framúrskarandi fyrirlesarar veittu innblástur með reynslu sinni og þekkingu og fyrirlestradagurinn 2016 var vel sóttur líkt og í fyrra.

Kaupstefnumótið DesignMatch var haldið 8.mars í höfuðstöðvum Arion banka. Þetta var í sjöunda skiptið sem kaupstefnumótið var haldið.

## FRÆÐSLA OG KYNNINGARSTARF

Fastir liðir í starfi Hönnunarmiðstöðvar eru birtir í dagatali á heimasíðu, allir viðburðir eru kynntir á heima- og facebooksíðum og fréttabréf eru send út reglulega.

## FYRIRLESTRARÖÐ

Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra hefur verið haldinn á s.l starfsári, má þar nefna m.a. SmallTalks en þeir fyrirlestrar hafa verið haldnir í Hörpu í vetur.

## HÖNNUÐIR HITTAST

Hönnunarmiðstöð stóð líkt og undanfarin ár fyrir fræðslu- og spjallfundum s.l. vetur, fimmta árið í röð. Fundirnir snerust m.a. um Hönnunarmars og það sem tengist hátíðinni en einnig um almennari efni.

## UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU

Síða Hönnunarmiðstöðvar <http://www.honnunarmidstod.is/Forsida/> geymir mikið af upplýsingum varðandi allt er snertir hönnun og sífellt er bætt í þann gagnabanka bæði í texta og upptökum m.a. frá áhugaverðum fyrirlestrum og fundum. Á heimasíðunni eru einnig fyrirmyndir að samningum - yfirlit yfir styrki - sjóði -

hönnunarnám - ráðstefnur og sýningar, hagnýt ráð o.fl.. Á síðastliðnu starfsári var rætt um endurnýjun heimasíðunnar og þá jafnframt um áhuga aðildarfélaganna á sameiginlegri heimasíðu fyrir alla. Nokkur félög eiga nýjar eða nýlegar heimasíður meðan önnur eru með gamlar. Ákveðið var að stofna starfshóp um þessa vinnu þar sem einn fulltrúi komi frá hverju félaganna. Þessi vinna stendur enn yfir

### ÚTGÁFA TÍMARITS – HA

Nokkuð er síðan hugmynd um útgáfu sameiginlegs tímarits um íslenskan arkitektúr og hönnun kom fram en það var á verkefnafundi Hönnunarmiðstöðvar í júní 2013. Árið 2014 var samningur um útgáfuna undirritaður af fulltrúum félaganna og Hönnunarmiðstöð þar sem samþykkt var að gefa út 3 tölublað til reynslu. Hvert félag skipaði einn fulltrúa til að sinna málefnum tengdum útgáfunni, fulltrúi FÍLA er Svava Þorleifsdóttir. Þrír úr fulltrúahópi félaganna mynda ritstjórnarhóp og gæta hagsmuna allra félaganna en sex manns eru í bakhóp ritstjórnar, Hönnunarmiðstöð sá um ráðningu ritstjóra.

Fyrsta tölublað blaðsins sem hlaut nafnið HA kom út í byrjun mars á síðasta ári, annað tölublað leit svo dagsins ljós í nóvember 2015. Vefútgáfa tímaritsins [http://ha-mag.is/um\\_ha/](http://ha-mag.is/um_ha/) er miðill þar sem lesa má greinar sem birst hafa í tímaritinu auk umfjöllunar um, kynningar og upplýsingar um viðburði tengda arkitektúr og hönnun.

Eins og sjá má af þessari samantekt eru verkefni Hönnunarmiðstöðvar margvísleg og mikilvæg. Ég hef verið fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð Íslands síðan árið 2012 og það hafa verið lærdómsrík ár.

Það verður spennandi að fylgjast með framhaldi þessa fjöreggs sem Hönnunarmiðstöð er og við í FÍLA eigum að mínu viti að taka kröftugan þátt í að móta áfram á farsælan hátt, við erum hópur sem á að heyrast í því við höfum mjög margt til málanna að leggja.

Takk fyrir mig

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir  
Fulltrúi FÍLA í stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands

## GARÐSÖUGHÓPUR FÍLA

Starf hópsins veturinn 2015-16 hefur verið áhugavert. Fundartímar voru ákveðnar í upphafi vetrar og auglýstir á heimasíðu FÍLA með vetrardagskrá og á FB síðu fyrir félagsmenn. Það varð þó ekki til þess að fundirnir yrðu mikið fjölmennari. Fjöldi á hverjum fundi á bilinu 3-7, fundirnir voru haldnir í fundarherbergi Landmótunar eins og áður. Helsta viðfangsefni verið að móta samstarf við Minjastofnun Íslands og að sækja um styrk til Fornleifasjóðs til að vinna forsendugögn vegna vinnu með gamla garða.

### ÖFLUGT SAMSTARF FÍLA OG MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS.

Pétur H.Ármanntson arkitekt og starfsmaður Minjastofnunar var gestur á fyrsta fund vetrarins. Hann fór yfir greinargerð FÍLA frá því s.l. vetur og lýst yfir mikilli ánægð með vinnu hópsins.

Hann lagði til að hann myndi semja „Friðlýsingarskjöl“ fyrir eina 8-10 garða sem hann tiltók og hópurinn hafði lagt til og fært rök fyrir verndargildum. Hann taldi að byggja mætti á greinargerð okkar hún væri skýr og skilmerkileg.

Þeir garðar sem hann og hópurinn var sammála um að yrðu fyrst teknir fyrir væru:.

#### Gamlir garðar.

Skríða í Hörgárbyggð (elsti trjagarður Íslands)

Hólavallagarður Rvk. (kirkjugarður í borg)

Alþingisgarðurinn frá 1894

Skrúður í Dýrafirði 1909

Lystigarður Akureyri 1912

Hellisgerði Hafnarfirði 1922

Skallagrímgarður 1930

#### Einkagarðar og almenningsgarðar eftir ísl. brautriðendum í landslagsarkitektastétt

JHB Hallargarðurinn Reykjavík .1955

JHB Skaftahlíð 3 heimilis garður JHB

RV Mávanes 4, (húsið eftir MV og er friðlýst)

RV Hegranes 30, (friðlýsing hús eftir GK í skoðun og því eðlilegt að garðurinn væri tekinn með)

RV Klambatún (í tengslum við friðlýsingu Kjarvalsstaða (í athugun))

#### Nýlega frágengnar friðlýsingar garða.

Múlakot (2015)

Frúargarðurinn á Hvanneyrir (friðun Hvanneyrartorfan 2015)

#### UMSÓKN GARÐSÖGUHÓPS FÍLA Í FORNLEIFASJÓÐ .

Á fundir hópsins 8.desember var ákveðið að sækja um í fornminjasjóð sem er í vörslu Minjastofnunar Íslands. Skila þurfti umsókn fyrir 5. janúar 2016. Farið var vandlega yfir í hvað ætti að vinna að ef það fengist styrkur úr sjóðnum.

Í umsókninni segir m.a. „Verkefni þetta er “pilotproject” en ekki hefðbundið rannsóknarverkefni. Ætlunin er að afla heimilda og grunnþekkingar á því hvernig á að varðveita og viðhalda lifandi minjum. Það verður leiðsögn til áframhaldandi rannsókna og skoðunar. Gamlir garðar sem víða eru komnir á viðkvæmt stig sökum aldurs og oft skeytingarleysis eru út um allt land í eigu jafnt einkaaðila sem opinberra aðila. Það er aðkallandi að styrkja og miðla þekkingu á endurgerð, varðveislu og viðhaldi (umhirðu) gamalla garða.“

Eftirfarandi lýsinga á markmiði verkefnisins kemur fram í umsókninni - ef það hlýtur styrk: „Markmið verkefnisins er að móta áætlun um varðveislu og umhirðu nokkurra sögulegra garða og mynda þannig grundvöll að stefnumótun sem nýta má við mat og áætlun um varðveislu garða síðar.

Hluti verkefnisins er að kanna hvernig staðið hefur verið að mati og varðveislu garða í nágrennalöndum okkar og nýta það í stefnumótun sem hentar íslenskum aðstæðum, því mikilvægt er að vanda friðlýsingu/varðveislu garða hér á landi. Ýmsum spurningum þarf að svara við stefnumótun í varðveislu og umhirðu sögulegra garða og ekki sjálfgefið að ein leið henti fyrir alla garða.

- **Í hverju felst gildi sögulegra garða?** Er nægjanlegt að garðarnir séu gamlir til að ástæða sé talinn til að varðveita þá og er ástæða til að varðveita garða sem ekki eru orðnir hundrað ára?
- **Hvað á að varðveita í sögulegum görðum?** Er það svæðið sem garðurinn stendur á, tengingu við aðra staði svo sem byggingar? Er það uppbygging garðsins, grunnform og rými, eru það byggingareindir eins og stéttir, veggir, tjarnir, kantar? Eru það lifandi minjar, gróður og landslagsmótun ýmis konar sem er mikilvægt vegna byggingar garða. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að umræddir garðar eru lifandi í þeim skilningi að þeir eru í stöðugri ræktun og oft í daglegri notkun sem útivistarsvæði og því getur verið krafa um að þeir aðlagist kröfum samtímans.
- **Hvað má ganga langt í endurgerð og aðlögun vegna varðveislu og viðhalds?** Á t.d. að nota upprunalegan efnivið við endurgerð þeirra eða má nota annað efni sem hentar betur nútímalegum kröfum. Á að leitast við að nota upprunalegan eða sambærilegan gróður og var á blómaskeiði garðsins eða má endurnýja hann t.d. með nýrri og notkunarvænni tegundum og yrkjum plantna m.a. í ljósi þess að á þeim tíma sem garðurinn var gerður var úrval af garðplöntum á Íslandi mjög takmarkað og þekking á hvað gæti vaxið lítil, t.d. að tré geti orðið stór og yfirskyggt hluta garðsins.
- **Friðlýsing – friðun og hvað svo?**

Verkefnið verður unnið með tilliti laga og reglugerða sem snerta þessa tegund menningarminja (garða). „Sótt var um 1,5 mill. Ef FÍLA hlýtur styrk úr fornminjasjóði munverða sótt um mótframlag til aðila sem málið varðar m.a. sveitarfélaga þar sem viðkomandi svæða (garða) er að finna. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist vorið 2016 og ljúki á haustmánuðum 2016.

Fyrri hluti tímans fer í skráningu svæða og heimildaöflunar. Verkefninu lýkur með gerð skýrslu sem getur orðið grunnur að stefnumörkun fyrir verndun og umhirðu fleiri svæða.

Ennfremur verður leitað til ýmissa innlendra aðila t.d. fulltrúa Minjastofnunar (fornleifaþekking og sagnfræði), fulltrúa LBHÍ (almenn ræktunarþekking, garðyrkjunenntun (frá 1939), borgarskipulagsfræði og brautryðjandi í mótun garðsögu Íslands) og fulltrúa frá háskólasamfélaginu (almenn sagnfræði HÍ og listfræði LHÍ) til að fá fulla breidd í faglegan grunn við að móta verndarviðmið.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Minjastofnunar er stefnt að úthlutað verði úr sjóðnum kringum 15. mars. Vonandi verður eitthvað að fréttu af afdrifum umsóknar hópsins fyrir aðalfund.

## FRÉTT AF GARÐSÖGU ÍSLANDS .

EES kynnti í á fundi hópsins 16. febrúar stöðu handrits bókarinnar „Að gera garð“ sögu og þróun íslenskrar garðmenningar. Handritið hefur farið í gegnum miklar endurbætur, viðauka og endurskoðun. Í byrjun febrúar var heftið ljósritað til nota fyrir nemendur á LBHÍ. EES lagði handritið inn á 3 forlög til skoðunar vegna útgáfu og bíður hann viðbragða sem má vænta eftir páska.

## FÓGETAGARÐURINN Í REYKJAVÍK

Á síðasta fundi garðsöguhópsins 16. febrúar spannst umræða á fundinum vegna greinar eftir Helgi Þorláksson, prófessor emeritus sem birtist í Fréttablaðinu vegna framkvæmda í og við Fógetagarðinn (gamla Víkurkirkjugarð). Garðsöguhópurinn ákvað að setja fram holl varnarorð vegna framkvæmda við mikilvægar garðminjar og bera upp á væntanlegum aðalfundi FÍLA 17. mars.

ees



## Tímaritið HA, Hönnun og Arkitektúr – Skýrsla fagnefndarfulltrúa

### Fagnefndarfulltrúi FÍLA: Svava Þorleifsdóttir

Svava Þorleifsdóttir tók við af Heiðu Aðalsteinsdóttir sem fagnefndarfulltrúi FÍLA fyrir HA í mars 2015.

Annað tölublað HA kom út um haustið 2015. Innlegg FÍLA í blaðinu var grein um hönnun ferðamannastaða sem bar yfirskriftina „Vaxtaverkir“. Greinina skrifuðu Svava Þorleifsdóttir, Hermann Georg Gunnlaugsson ásamt Arnari Fells ritsjóra HA. Greinin fyllti heilar 11 blaðsíður í blaðinu og viðmælendur voru margir. Tekin voru viðtöl við Landslagsarkitekta og arkitekta sem hafa komið að hönnun ferðamannastaða og ljósmyndir af verkum þeirra birt í blaðinu. Einnig var rætt við Ferðamálastofu og þjóðgarðsverði til að fá þeirra sjónarhorn á umræðuna og framtíðarsýn.

Markmið greinarinnar var að skoða hvort hönnun og gott skipulag gæti orðið til þess að ferðaþjónustan geti haldið velli sem ein stærsta atvinnugrein landsins. Einnig var skoðað hvernig tekist hefur til við hönnun og skipulag á ferðamannastöðum síðan ferðamannastraumurinn jókst til muna. Leitast var svara við því hvort verið er að fara rétt að eða hvort ákveðna heildarsýn vanti.

Annað efni sem ekki kemst að í blaðinu birtist á heimasíðu HA. [www.ha-mag.is](http://www.ha-mag.is). Grein um deiliskipulag Öskjuhlíðar og Nauthólsvíkur birtist á heimasíðunni í október 2015. Greinin var skrifuð af þeim Yngva Þór Loftssyni og Þránni Haukssyni. Í greininni var farið yfir það hvernig útivistarsvæði er skipulagt í miðri borg með viðkvæmri náttúru og sögulegum minjum allt frá ísöld. Einnig var farið yfir vinningstillögu frá 2013 um umhverfi Öskjuhlíðar.

## Skýrsla siðanefndar FÍLA 2016:

Tvö mál komu inn á borð nefndarinnar í byrjun ársins 2015, þar sem þrír aðilar voru kærðir. Málunum lauk með úrskurði nefndarinnar þann 10. mars 2016 sem send var formanni FÍLA þann 14. mars 2016.

Í nefndinni sátu Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, starfandi formaður í stað Þórólfs Jónssonar sem óskaði að víkja við afgreiðslu málanna vegna vanhæfis, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Erla Bryndís Kristjánsdóttir sem kom inn sem varamaður. Nefndin fundaði sex sinnum á liðnu starfsári vegna ofangreindra mála, fór á vettvang og sendi formleg erindi á hlutaðeigandi aðila. Samkvæmt verklagsreglum siðanefndar ber að leita sátta milli aðila. Það tókst ekki og það var mat siðanefndar að tveir af þeim kærðu hefðu brotið á gr. 3.4 siðareglna félagsins sem er svo hljóðandi: „Ef landslagsarkitekt er beðinn um að taka við eða breyta verki annars landslagsarkitekts eða skylds fagaðila, skal hann tilkynna viðkomandi það skriflega svo honum gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna.“ Það var niðurstaða siðanefndar að þriðji aðilinn hafi ekki brotið gegn fyrrgreindri grein siðareglna félagsins.

Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til við stjórn FÍLA að umræddum aðilum verði veitt áminning vegna þessara brota. Í verklagsreglum siðanefndar nr. 8 segir: „Siðanefnd afgreiðir úrskurð sinn til stjórnar félagsins í formi greinargerðar. Siðanefnd úrskurðar um hvort félagsmaður hafi gerst brotlegur við siðareglurnar eða ekki og hvort brot telst ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt“. Það er mat nefndarinnar að brotið teljist ámælisvert og beinir því til stjórnar að veitt verði áminning fyrir brot á siðareglum félagsins. Siðanefnd telur að ekki sé um alvarlegt eða mjög alvarlegt brot að ræða þar sem haft var samband við þann sem kærði og hann upplýstur um aðkomu hinna kærðu að verkinu. Kærandi hafi þá haft tækifæri til að gæta hagsmuna sinna og koma sínum hönnunarsjónarmiðum á framfæri.

Fleira var ekki gert á starfsárinu.

Í ljósi þessara úrskurða vill siðanefnd ítreka **mikilvægi undirritunar á vinnuskjal séruppdráttu** og að þeir hafi fengið formlega umfjöllun sveitarfélags. Einnig er mikilvægt að ítreka mikilvægi þess að landslagsarkitekt sem beðinn er um að taka við eða breyta verki annars landslagsarkitekts eða skylds fagaðila, að tilkynna viðkomandi það **skriflega** svo honum gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna. Það er ekki fullnægjandi samkvæmt siðareglum félagsins að kalla viðkomandi hönnuð á fund eða eiga önnur óformleg samskipti vegna málsins. Ef sent hefði verið skriflegt erindi vegna ofangreindra mála er líklegt að þau hefðu ekki ratað inn á borð nefndarinnar.